

Skólasetning 22.8.2012

Nemendur, forráðamenn, starfsmenn skólans og aðrir góðir gestir. Ég vil bjóða ykkur hjartanlega velkomin til þessarar skólasetningar hér í íþróttamiðstöðinni í dag. Frábærir sumarleyfismánuðir að baki sem ég vona að hafi verið okkur öllum ánægjulegir. En nú tekur haustið senn við með sinni dulúð og skemmtilegheitum. Nú fer allt að falla í fastar skorður, lífið og starfið fellur aftur í sinn venjulega farveg þó með sínum breytileika sem einkennir lífið og starfið í Borgarnesi. Verið velkomnir til starfa starfsmenn allir og nemendur góðir.

Starfsmenn skólans hafa síðustu daga unnið ötullega að því að undirbúa komu ykkar og starf með sem bestum hætti, komið þið til með að hitta umsjónarkennara ykkar í skólanum hér eftir stutta stund og fáðið þið þá afhentar stundaskrár og aðrar þær upplýsingar um starfið framundan sem helst er þörf á á þessum tímamarki. Núna í dag eru 283 nemendur skráðir til náms í skólanum og hefur því fækkað um einn frá því í vor. Reynslan sýnir að nemendafjöldi tekur oft breytingum fyrstu daga skólaársins, og raunar allt skólaárið. 30 nemendur hefja nú sitt fyrsta ár í grunnskóla auk nokkurs fjölda sem eru að koma úr öðrum skólum. Eru nýir nemendur sem nú koma til skólastarfsins í fyrsta sinn boðnir sérstaklega velkomnir sem og forráðamenn þeirra og væntum við góðs af samstarfinu við þá. Við kennslu og stjórnun starfa nú 39 manns í tæplega 35 stöðugildum, þar af eru 17 umsjónarkennarar. Stöðugildum hefur fjölgað frá fyrra ári, sem skýrist meðal annars af því að nú er verið að setja á stofn sértækt námsúrræði fyrir börn með einhverfu og skyldar raskanir, þeirri deild er stýrt af Ástu Björk Björnsdóttir sem er í 50% starfi sem deildarstjóri námsversins, auk þess að hafa yfirumsjón með sér og stuðningskennslu í skólanum. Fjöldi starfsmanna við önnur störf er 20 í nokkuð færri stöðugildum. Tveir starfsmenn skólans, þeir Sigurður Örn Sigurðsson og Helga Jensína Svavarsdóttir eru í launalausum leyfi þetta skólaárið og senn fer Sigrún Ögn Sigurðardóttir í fæðingarorlof til loka skólaárs. Síðan er Sólrún Tryggvadóttir sem hér hefur kennt undanfarin ár hætt störfum og eru henni þökkúð góð störf á liðnum árum sem og þeim Agli Egilssyni, Elfari Ólafssyni, Kristínu Gyðu Stefánsdóttur, Sigríði Ólöfu Hafsteinsdóttur og Bergi Jónssyni stuðningsfulltrúum sem öll hafa látið af störfum eftir mislangt starf við skólann. Því mun töluverður hópur nýrra starfsmanna hefja störf við skólann núna. Birna Hlín Guðjónsdóttir kennari og María Hrunn Guðmundsdóttir starfsmaður Tómskundaskóla koma úr fæðingarorlofi og nýir starfsmenn eru Ásta Björk Stefánsdóttir deildarstjóri sérkennslu eins og áður sagði, Helga Stefanía Magnúsdóttir, Margrét Skúladóttir, Rósa Hlín Sigfúsdóttir og

Dóra Líndal Hjartardóttir kennarar og nýir stuðningsfulltrúar eru Guðrún Ingadóttir, Salóme Konráðsdóttir, Sölvi Gylfason, og Birgir Þór Sverrisson. Þessir starfsmenn eru allir boðnir velkomnir til starfa og væntum við góðs af störfum þeirra.

Breytingar á innra skipulagi verða ekki miklar utan það sem nefnt hefur verið hér um stofnun námsvers og breytts utanumhalds sér – og stuðningskennslu. Kennt verður eftir sömu tímatöflum og gilt hafa undanfarin ár og svipað fyrir komulag verður á valgreinum sem og list – og verkgreinum. Nemendur í 7. og 8. bekk munu þó fá kennslu í leiklist og nemendur 9. og 10. bekkja eiga þess kost að velja sér þá grein líkt og hefðbundnar list – og verkgreinar. Áfram er fyrirhugað að bjóða upp á dans, skólahreysti og knapamerki í hestamennsku. Að öðru leyti verður skólastarfið með nokkuð hefðbundnum hætti þótt alltaf komi til einhver nýbreytni en mikilvægt er skólanum að geta komið með eitthvað nýtt með reglubundnum hætti inn í skólastarfið. Nú er töluverð umræða um nýjustu tækin og tólin í kennslunni. Að sjálfsögðu munum við reyna eftir getu að fylgjast með og taka upp það sem við trúum að vel reynist. Ég hef þó þá trú að til að þessi tækni nýtist sem best og skili betri árangri þurfum við fyrst að huga að því hverju við ætlum að ná fram, er ætlunin að gera eitthvað nýtt með nýrri tækni eða er þetta einvörðungu leið til að gera gamla hluti öðruvísi. Vel má vera að skólar verði pappírs – og bókalausir innan ekki langs tíma en þá þarf margt að koma til, ekki hvað síst breyting kennsluhátta og kennsluaðferða. En ljóst er þó að fram hjá þessu verður ekki litið - skólinn þarf að búa sig undir það að símar, spjaldtölvur og önnur slík tæki verði sjálfsögð tæki í höndum nemenda. Vonandi skapast tækifæri til þess að stigin verði skref í þessa átt.

Skólaárinu er skipt í þrjár annir og verða foreldraviðtöl í lok anna. Hefur það þótt gefast vel og þarna er farið yfir árangur annarinnar og ný markmið sett. Annaskil eru sett inn á skóladagatalið sem aðgengilegt er á heimasíðu skólans eða á skrifstofu hans. Skólanum er skipt upp í tvær deildir, yngri og eldri deild. Dagleg stjórn yngri deildar er í höndum aðstoðarskólastjóra, Hilmars Más Arasonar og við stjórnvölinn í eldri deild er Sóley Björk Sigurþórsdóttir deildarstjóri en hún mun koma úr veikindaleyfi nú um mánaðarmótin.

Þau verkefni, sérstök, sem við munum leggja áherslu á í vetur eru læsið svokallaða en það er kennsluaðferð sem mjög hefur rutt sér til rúms á undanförunum árum, upprunnin í Háskólanum á Akureyri. Hefur verið kennt eftir þeirri aðferðarfræði hér í sveitarfélaginu í

nokkur ár og er ætlun Háskólans að gera úttekt á henni nú í vetur með rannsókn. Verður spennandi að sjá niðurstöður slíkrar vísindalegrar rannsóknar en það er okkar mat hér í skólanum að þessi nálgun sé að skila góðum árangri. Áfram höldum við að vinna í anda uppbyggingarstefnunnar, þeirri er kennir okkur að taka ábyrgð á hegðun okkar og gjörðum og nota mistökin til að læra af þeim. Þótt ekki hafi verið gerð rannsókn á árangri þessarar vinnu þá er ég sannfærður um að hann er mikill, við höfum á undanförunum árum séð miklar breytingar á framkomu og hegðun barnanna okkar svo eftir er tekið, bæði hvað varðar árangur og framkomu. Við leggjum einnig áherslu á það að flétta fræðslu um umhverfismál og endurvinnslu inn í hið daglega starf. Við fengum „Grænfánann“ afhentan í vor í fjórða sinn og munum stefna að því að fá hann í fimmta sinn vorið 2014. Grænfáninn er ekki einvörðungu viðurkenning fyrir endurvinnslu og flokkun þótt það sé mikilvægt heldur fléttast fleiri þættir þar inn í s.s. fræðsla og virðing fyrir umhverfinu og þeim verðmætum sem okkur er trúað fyrir. Nú liggur fyrir að komin er út ný aðalnámskrá grunnskóla sem við ætlum okkur að fara að vinna eftir og því bíður mikil vinna við aðlögun skólanámskrár okkar í vetur. Þar eru helstu nýmæli, svo eitt sé nefnt, námsmat en senn verður horfið frá fyrirgjöf í tölum og við tekur vitnisburður gefinn í bókstöfum. Voru kennarar leik – og grunnskólanna hér í Borgarbyggð á fræðslufundi um námskrá í síðustu viku og er sýnt að okkar bíður nokkurt verk, bæði við að aðlaga námsmátið að námskránni sem og að kynna fyrir skólasamfélaginu öllu um hvað málið snýst. Eitt verkefni vil ég nefna til viðbótar en það er „heilsueflandi grunnskóli“. Síðasta vetur var unnið að innleiðingarferlinu og er þá ætlunin að stíga fyrstu skrefin í því ferli nú í vetur.

Líkt og áður verður lögð á það áhersla að fylgjast með líðan nemenda m.a. með reglubundnum könnunum s.s. eineltiskönnun og úrtakskönnun Skólapúlsins. Einelti verður ekki liðið og gerum við það sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir það. Ný og endurbætt aðgerðaráætlun gegn einelti var unnin hér í skólanum síðasta vetur og er hana nú að finna á heimasíðu skólans.

Af þessu má sjá að í ýmis horn verður að líta en ég er þess fullviss að allir munu leggja sig fram 100% til þess að þróa skólann og skólastarfið í rétta átt.

Í sumar var nokkuð unnið að viðhaldi skólans, skipt var um þak á einni álmum hans og eins hefur verið skipt um gler þar sem þurfti og gluggar málaðir á einni álmunni. Síðan var lokið

við uppsetningu brunaviðvörðunarkerfis í eldri deildinni og er nú komið viðvörðunarkerfi í allan skólann en það var orðið mjög brýnt öryggisatriði að ganga þannig til verks. Nú verður tón – og leiklistin kennd í húsi við hlið skólans, Gunnlaugsgötu 21a, en grípa þurfti til þess ráðs þegar ákveðið var að koma upp námsveri. Er ég þess fullviss að í því geta falist tækifæri þótt annmarkar kunni einnig að finnast. Vill til að örstutt er á milli húsa. Í þessu sambandi er rétt að segja frá því að í vetur skilaði álitni vinnuhópur á vegum Borgarbyggðar sem fjallaði um húsnæðismál grunnskólanna til lengri tíma. Fyrir skólann okkar var niðurstaðan sú að stefna að því að koma upp skólamötuneyti í skólanum og gera þær breytingar innanhúss sem þarf til þess að það megi takast. Skv. áætlun má reikna með að af þessu geti orðið haustið 2014. Verið er að vinna að því að útfæra þessar niðurstöður nánar. Að þessu sögðu er rétt að geta þess að mötuneytið verður í vetur líkt og síðustu 10 ár í Hótel Borgarnesi og er fyrirkomulag pantana með sama hætti og verið hefur. Nú er á heimasíðu fyrirliggjandi matseðill fyrir ágúst – september en mötuneytið tekur til starfa á morgun.

Samræmdu könnunarprófin verða nú haldin eftir miðjan september fyrir nemendur 4., 7. og 10. bekkja. Eiga niðurstöður prófanna að nýtast skólanum í þeirri viðleitni sinni að koma sem best, og á sem árangurrikastan hátt, til móts við þarfir hvers og eins. Tímasetningin er þó ekki heppileg, víða eru göngur og réttir þessa daga fyrir, og á meðan á prófunum stendur. Þrátt fyrir ábendingar sveitarstjórnar hefur ekki verið brugðist við með breyttum tímasetningum. Óskandi er að þessu verði breytt. Nefnt hefur verið að til að niðurstöður nýttust skólum til fulls væri réttast að þessi könnunarpróf færu fram að vori. Niðurstöður væru þá tiltækar skólum að hausti og því meiri tími til að bregðast við niðurstöðum.

Tómstundaskólinn starfar líkt og síðasta vetur meðan skóli starfar. Er opið á öllum starfsdögum hans en lokað í skólafríum. Jónína Guðrún Heiðarsdóttir veitir honum forstöðu. Opnar hann að lokinni skólasetningu.

Nokkrar breytingar verða á sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar hvað varðar skólann. Ásta Björk Björnsdóttir mun að nýju sinna kennsluráðgjöf við skólana alla í 50% starfi, auk deildarstjórnar í skólanum en starfsstöð hennar er í skólanum. Talmeinafræðingur starfar í 60% starfi og sálfræðingur í 80% starfi. Síðan er námsráðgjafi í 40% starfi fyrir skólana hérna. Eftir töluverðan niðurskurð síðustu ára er því aðeins verið að bæta í og ber að fagna því.

Skólaakstur var boðinn út í vor til fjögurra ára. Samið hefur verið við þá Jónas Þorkelsson Birkimel, Guðjón Gíslason Lækjarbug, Sturlu Stefánsson Arnarstapa, Sigurbjörn Garðarsson Leirulæk og Sæmund Sigmundsson um skólaakstur hér við skólann. Eru þeir allir boðnir velkomnir til starfa og þá sérstaklega Jónas sem kemur nýr í þetta hlutverk.

Skólanum ber að sinna upplýsingagjöf til forráðamanna um hvaðeina er skiptir máli varðandi framgang nemenda í skólanum. Í ljósi framfara í samskiptatækni þá eru símatímar kennara orðnir barn síns tíma að mínu mati – því verða þeir ekki fastsettir líkt og verið hefur enda afar lítið notaðir. Í staðinn bendum við á rafpóst og svo símann. Upplýsingakerfið Mentor gegnir lykilhlutverki í upplýsingagjöfinni og er því mikilvægt að uppgöfin netföng séu virk. Trúlega eru allt að 99% forráðamanna sem nota rafpóst og aðra samskiptamiðla að staðaldri.

Ég hef sagt það áður nemendur góðir að nám er vinna, vinna sem sinna þarf að samviskusemi og dugnaði til að sem bestur árangur náist. Er þeirri ábendingu komið á framfæri við ykkur í dag. Sá hópur starfsmanna sem við skólann starfar er þess albúinn til að leiðbeina ykkur, styðja og styrkja til þess að þið náðið markmiðum ykkar og komist nokkuð áfram á námsbrautinni. Samvinna og samstarf er vísasti vegurinn til að það takist sem best.

Ég vil hvetja forráðamenn til að skoða óskilamuni reglulega en gangaverðir hafa góða yfirsýn yfir það sem skilið er eftir, eru það oft ótrúlega mikil verðmæti sem safnast saman í skólanum yfir veturinn. Best er auðvitað að merkja fatnað með nafni, þá er auðveldara að koma þeim í hendur rétttra eigenda.

Skólabíll fer héðan kl. 14:15 en þá verðið þið búin að hitta umsjónarkennara ykkar uppi í skóla. Stofur eru merktar bekkjum og umsjónarkennurum. 1.- 6. bekkur fer til vinstri er upp stigann er komið en 7. – 10. bekkur til hægri. 1.- 3. bekkur og 7. og 8. bekkir eru er á neðri hæð en aðrir á annari hæð.

Ég óska góðs samstarfs við ykkur öll, nemendur, starfsfólk, skólabílstjóra, forráðamenn, skóla – og fræðsluráð og sveitarstjórn. Sammælumst um að gera skólann að stað þar sem okkur líður vel og við náum þeim árangri sem að er stefnt. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri. Ekki er vafi á því að mörgu mætti bæta við en látum hér staðar numið. Segi ég 105. starfsár Grunnskólans í Borgarnesi sett.